


SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR - AÐALSKIPULAG 2008-2028

ÞÉTTBÝLISUPPDRAÐTUR, BREYTING Á AÐALSKIPULAGI, KIRKJUREITUR Í VOGUM


BLAÐSTÆRÐ A3, MKV. 1:10.000



Gildandi aðalskipulag, samþykkt í bæjarstjórn 26.11 2009, staðfest af umhverfisráðherra 23.02 2010, m.s.br.




Breytt aðalskipulag.



Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann _____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____



Breyting á aðalskipulagi, kirkjureitur í Vogum.

Sveitarfélagið Vogar hefur samþykkt að gerð verði tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Breytingin fellst í eftirfarandi:

- Breytingin felst í því að 1,1 ha svæði fyrir *þjónustustofnanir p-3 Kirkjureitur* sem afmarkast af götum Kirkjugerði, Tjarnargerði, Aragerði og af lóðarmörkum lóða við Hafnargötu fellur út úr aðalskipulagi, en m.a. var mögulegt að byggja á svæðinu kirkju og/eða safnaðarheimili.
- Þess í stað verður 0,7 ha svæði meðfram Aragerði, Tjarnargötu og Kirkjugerði skilgreint sem *íbúðarsvæði íB-9* þar sem gert er ráð fyrir lágrestri byggð á 1-2 hæðum.
- Á miðju svæðinu er hraunkollurinn Kirkjuholt sem teygir sig til suðurs í framhaldi af baklóðum við Hafnargötu. Kirkjuholtið er um 0,4 ha og verður sá hluti svæðisins skilgreindur sem *opn svæði OS-2-7* sem er hluti af svæðum með yfirnumerið OS-2 og nær yfir önnur *opin svæði* innan þéttbýlisins sem kjörin eru til útivistar.

Ástæða breytingarinnar er sú að sóknarnefnd Kálfatjarnarsóknar hefur ekki lengur hug á að nýta svæðið fyrir kirkju og/eða safnaðarheimili og hefur sveitarfélagið nú fest kaup á svæðinu. Svæðin meðfram Aragerði, Tjarnargötu og Kirkjugerði þykja heppileg fyrir íbúðarbyggð en í öllum tilfellum er íbúðarbyggð á svæðum handan gatnanna. Ekki er æskilegt að byggt sé á Kirkjuholtinu og verður það svæði nýtt til útivistar á sama hátt og svæðið er nýtt í dag.

Umhverfisáhrif

Ekki er talið að breytingin hafi veruleg umhverfisáhrif, en í stað þess að á svæðinu verði kirkja og/eða safnaðarheimili verður lágrest byggð á svæðum sem liggja meðfram aðliggjandi götum en hraunkollurinn sem liggur hærra í landi verður óbyggður. Áhrif ásyndar eru því minni eftir breytingu þar sem íbúðarbyggð á 1-2 hæðum er í samræmi við aðliggjandi byggð en ekki verður byggt á Kirkjuholtinu sem stendur hærra eins og áður var gert ráð fyrir. Einnig eru áhrif á landslag og jarðmyndanir talin jákvæð þar sem ekki verður byggt á hraunkollinum Kirkjuholti.

Hagræn áhrif eru talin jákvæð þar sem verið er að þetta byggð og nýta þar með þá innvið sem þegar eru til staðar umhverfis svæðið (götur, lagnir o.fl.). Mögulegt er að umferðaraukning verði í aðliggjandi götum vegna aukinnar íbúðarbyggðar en það sem svæðið er lítið verða íbúðir fáar og því er ekki talið að umferðaraukning aukist verulega.

Heildaráhrif breytingar á aðalskipulagi eru talin óveruleg eða jákvæð.

Rauður hringur sýnir staðsetningu þess svæðis sem breyting á aðalskipulagi tekur til.

Skipulagsskýringar

	Sveitarfélagsmörk		Aðrir vegir (aðeins til skýringar)
	Þéttbýlismörk		Hraðlest
	Íbúðarsvæði		Göngustígar
	Svæði fyrir þjónustustofnanir		Gönguleiðir, þjóðleiðir
	Miðsvæði		Reiðstígar
	Verslunar- og þjónustusvæði		Hjólreiðastígar
	Athafnasvæði		Mislæg gatnamót
	Lönaðarsvæði		Undirgöng
	Hafnarsvæði		Raflínur í lofti
	Opin svæði til sérstakra nota		Jarðstrengir
	Óbyggð svæði		Hitaveita
	Landbúnaðarsvæði		Vatnsveita
	Vötn, ár og sjór		Sjóvarnargarðar
	Stofnvegir		Náttúruverndarsvæði, svæði á náttúruminjasrá
	Tengivegir		Hverfisverndarsvæði, t.d á óbyggð svæði
			Vatnsverndarsvæði, brunnsvæði
			Vatnsverndarsvæði, grannsvæði
			Vatnsverndarsvæði, fjarsvæði

Almennar skýringar

	Hæðarlínur, 2 metra
	Hús / Lögbyli

Um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir forstaðallinn EC-8 (ENV 1998) ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Samkvæmt þjóðarskjali FS ENV 1998-1-:1994 er Sveitarfélagið Vogar á hönnunarhraðasvæðum 0,15 g, 0,20 g.

TILLAGA 14. september 2022

Umsjón: Landslag ehf.

Hnitakerfi: Lambert.

Hnattstaða: ÍSNET 93.

Kortagrunnar:

1:10 000 = Loftmyndir ehf.

1:30 000 = Hnit hf.

